



Reglur um heilsueflingarstyrki

Sveitarfélagið stendur vörð um velferð og heilsu starfsmanna sinna og hvetur til heilsueflingar, eins og sveitarfélaginu er frekast unnt. Góð heilsa og vellíðan starfsmanna er sveitarfélaginu mikilvæg og skilar aukinni starfsánægju og færri veikindafjarvistum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbriggt lífni. Með stuðningi og hvatningu til heilsueflingar leggur sveitarfélagið grunn að bættri andlegri og líkamlegri líðan starfsmanna.

Markmið með styrknum er að stuðla að því starfsmenn stundi heilsueflingu að staðaldri sem bætir líkamlegt og andlegt ástand þeirra sem stuðlar að betri heilsu, meiri starfsánægju og færri veikindafjarvistum.

Reglur

1. Á árinu 2026 getur starfsfólk í fullu starfi fengið 22.000 kr. í heilsueflingarstyrk og þau sem eru í lægra starfshlutfalli fá hlutfall af styrknum. Starfsfólk í reglubundinni tímavinnu og þau sem eru í lægra starfshlutfalli en 25% geta fengið 5.500 kr. í styrk.
2. Réttur starfsfólks stofnast þegar það hefur starfað í 6 mánuði hjá sveitarfélaginu.
3. Starfsfólk þarf að vera í ráðningarsambandi við sveitarfélagið þegar það sækir um styrk. Við starfslok helst réttur fram að síðasta starfsdegi.
4. Starfsfólk skal sækja fyrst um styrk til síns stéttarfélags áður en sótt er um heilsueflingarstyrk hjá sveitarfélaginu.
5. Starfsfólk í launalausum leyfi, launalausum námsleyfi eða í verkfalli, nýtur ekki heilsueflingarstyrks.
6. Starfsfólk í fæðingarorlofi nýtur heilsueflingarstyrks á sama tímabili og gildir um uppsöfnun orlofsréttar, (*þ.e. rétturinn fellur niður eftir að almennu fæðingarorlofi lýkur – ekki er um styrk að ræða í lengdu fæðingarorlofi eða launalausum leyfi í framhaldi af fæðingarorlofi*).
7. Heilsueflingarstyrkir eru veittir til heilsuræktar hjá líkamsræktarstöðvum, íþróttafélögum og öðrum aðilum sem bjóða uppá reglubundna heilsurækt. Bæði getur verið um að ræða árgjöld, sem veita rétt til iðkunar líkamsræktar og íþrótta ásamt þátttöku í styttri námskeiðum. Hér er t.d. átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í klúbba sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar.
8. Einnig er hægt að nota styrkinn upp í kostnað við sálfræðipjónustu eða aðra þjónustu sérfræðinga vegna andlegrar líðan.
9. Sótt er um styrk rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins. Afrit af kvittun þarf að fylgja með umsókn.
10. Kvittun skal ekki vera eldri en 6 mánaða þegar sótt er um heilsueflingarstyrkinn.
11. Kennitala og/eða nafn starfsmanns þarf að koma fram á viðeigandi reikningum/kvittunum.
12. Umsóknir skulu berast fyrir 20. hvers mánaðar (*í desember er fresturinn til 15. des.*) og er styrkur greiddur út næstu mánaðamót þar á eftir. Ekki er afgreiddur styrkur í júlí. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á styrkveitingum.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna G. Björnsdóttir, mannauðsstjóri, með tölvupósti á netfangið hrefnag@skagafjordur.is eða í síma 455-6065.